

## Styrkumsóknir til borgarráðs 2017

<u>Tengiliður</u>	<u>Efni</u>	<u>Dags. bréfs</u>	<u>Sótt um kr.</u>	<u>Sótt um áður</u>	<u>Tillaga að styrk</u>	<u>Málsnúmer</u>
1 Leikhúsið 10 fingur	Sýningarferð til Shanghai fyrir leikritið Lífið - stórkostlegt drullumall	2.5.2017	400.000-500.000		Nei	R17060141
Rauði krossinn	Íþróttaiðkun hælisleitenda	2.5.2017	ótilgreint		100.000	R17050031

Reykjavík 2. maí 2017.

**BT. Borgarráðs**

**Efni: Umsókn um styrk til Leikhússins 10 fingra.**

Sæll kæri Björn og aðrir sem sitja í Borgarráði.

Leikhúsið 10 fingur setti upp nýtt íslenskt barnaleikverk sem heitir **Lífið - stórkostlegt drullumall** árið 2015 og vann tvenn Grímuverðlaun; Besta barnasýningin og Sproti ársins.

Charlotte Böving og Helga Arnalds leikstýrðu og leikarar eru Sveinn Ólafur og Sólveig Guðmundsdóttir - en við fjögur erum öll höfundar verksins.

Verkið var sýnt í Tjarnarbíó yfir tvö leikár og gladdi bæði unga og aldna borgarbúa í þessu fallega húsi sem Tjarnarbíó er.

Hugmyndin á bak við verkið var einmitt að gera barnaleikrit sem öll fjölskyldan gæti notið saman, um stórar hugmyndir um Lífið og dauðann en án orða - svo að við ættum möguleika á að fara með verkið og sýna erlendis.

Nú er verið að bjóða okkur til Shanghai í 3ja vikna leikferðalag þar sem verkið verður sýnt alls 24 sinnum, fyrir um 3500 manns. Einnig verður boðið upp á 4 mismunandi vinnustofur (workshops) fyrir börn og fullorðna í tengslum við sýninguna.

Þessi leikferð er afar mikilvæg, bæði til að kynna íslenska menningu og sérstaklega íslenska barnamenningu í Kína, sem og einstakt tækifæri fyrir okkur til að koma sýningunni á framfæri og opnar möguleika á frekara sýningahaldi erlendis.

Meðfylgjandi er bréf frá A.S.K. barnaleikhúsinu með formlegu boði.

A.S.K. mun greiða sem samsvarar 15.400 evrum í sýningalaun, og sjá um gistingu og upphald, ásamt ferðum innanlands og greiða fyrir kynningarmál.

**En Leikhúsið 10 fingur þarf að leggja til það sem upp á vantar á launakostnað og leita leiða til að finna styrki eða samstarf vegna flugkostnaðar þangað og heim og greiða fyrir undirbúning.**

**Við höfum leitað til Íslenska sendiráðsins í Kína/utanríkisráðuneytisins með aðstoð í formi fjárframlaga og erum búin að safna styrk til að greiða fyrir flugið okkar út.**

**En það vantar enn upp á um 400.00 til 500.000 ISK til að greiða fyrir ýmislegt t.d. fyrir æfingar, vinnu við utanumhald og til að greiða fyrir viðhald á búningum og ljósum sem eru nauðsynleg fyrir verkefnið.**

Ég hafði samband við Signýju Pálsdóttur en Menningar- og ferðamálaráð á ekki peninga til að leggja í verkefnið.

Nú er Taliúsjóðurinn því miður uppurinn og það hefði munað okkur miklu að hafa hann til að sækja í. Því leitum við til ykkar í Borgarráði um það sem upp á vantar - eða hluta af því. Stuðningur Reykjavíkurborgar myndi skipta okkur miklu máli - og sérstaklega núna þegar við erum að fara í fyrsta skipti með verkefnið erlendis. Þetta er að sjálfsögðu mikil landkynning og mun vekja athygli á landi og þjóð og á blómlegu menningarlífi Reykjavíkurborgar.

Það er einnig búið að bjóða okkur til Möltu í nóvember, á stóra hátíð en þar er flug upphald og laun greidd en við þurfum líka að hafa ljós, tækni og búninga í lagi - og myndi þessi peningur fara í utanumhald og viðhald á ljósum og búnaði fyrir bæði þessi verkefni.

Þegar við hættum sýningum í Tjarnarbíó þá var það bara þannig að hver sýning rak sig varðandi laun og útgjöld þannig eftir sýningahald er enginn afgangur til að setja til hliðar fyrir ferðalögum, viðhaldi eða æfingum og því myndi ykkar stuðningur skipta okkur öllu máli.

Á móti myndum við hafa ykkar stuðning og lógó Reykjavíkurborgar sýnileg í öllu okkar kynningarefni bæði hér heima fyrir ferðina sem og úti.

- A.S.K er öflug barnamenningarstofnun og þau munu sjá um öll kynningarmál okkar í Kína. Þau eru með mjög gott fólk sem heldur utanum kynningarmálin þar og eru, eins og sjá má á boðsbréfinu, von að fá stórar erlendar sýningar.
- Ef þið sjáið ykkur fært að taka þátt í þessu með okkur þá munið þið verða einn af aðalstyrktaraðilum verkefnisins.
- Lógó Reykjavíkurborgar yrði á plakötum og flyerum, bæði á heimasíðum og auglýsingum á netinu og sem er dreift m.a. á yfirlitsbæklingi um dagksrá A.S.K yfir árið.
- Í kringum frumsýninguna úti verður fréttamönnum boðið á sýningu og sendar út fréttatilkynningar til allra helstu miðla, þ.m.t. dagblöð, vef og félagsmiðla.

Leikhúsið Tíu fingur hefur verið starfrækt í yfir 20 ár í Reykjavík og Helga Arnalds, listrænn stjórnandi leikhússins, hlaut m.a. Íslensku bjartsýnisverðlaun 2012 - enda þarf mikla eljusemi og ástríðu til að reka barnaleikhús í svona langan tíma og oft við þröngan kost.

Vonandi hafið þið tök á að koma að þessu verkefni með okkur og aðstoða okkur við að gera þetta spennandi tækifæri á að kynna íslenska barnmenningu í Shanghai að veruleika.

Hér er linkur á heimasíðu 10 fingra með upplýsingum um leikhópinn og sýninguna:

<http://www.tiufingur.is/leikhus>

og linkur á treiler fyrir sýninguna:

<https://vimeo.com/155646907>

Bestu kveðjur og hafðu endilega samband við mig í síma ef þið hafið spurningar.

Hlýjar kveðjur,  
Sólveig Guðmundsdóttir.  
Leikkona og framleiðandi.  
s. 6611492



小不点 大视界  
THE ART SPACE FOR KIDS

## *Letter of Invitation*

Oct. 30, 2016, Shanghai

Dear Madame/Sir,

We are writing to invite The Ten Finger Theatre to present *LIFE-Mudpie* in Shanghai from July 10<sup>th</sup> to July 30<sup>th</sup>, 2017, and further develop possibilities to tour it to other cities in China and create new production with local artists in the years to come.

We plan to present 3-week's shows in Shanghai at our own The A.S.K. Theatre (3F, Block5, 1898 Gonghexin Road, Shanghai), and workshops for children in the primary schools and arts academies in Beijing, workshops for professionals in cooperation with local academies or performing arts organizations (Shanghai Dramatic Arts Centre, Shanghai Kun Opera Troupe, Shanghai Puppet Theatre, Shanghai Theatre Academy, etc.) as well as the independent Chinese artists from the various background for cultural and skill exchange.

Playful, uplifting and visually stunning, *LIFE-MudPie* impressed us by the unlimited passion, imagination and warmth out of the simple and only props of mud. We are keen to share it with the Chinese family audience and with the local theatre makers as a unique and inspiring adventure. It would be our great honor and pleasure to help The Ten Finger Theatre to establish the reputation, explore the emerging market in China, and enhance the communication and cooperation between Icelandic and Chinese artists.

The A.S.K. (Art Space for Kids) aims at promoting quality theatres for family audience around the world and explore the possibility of integrating artistic creativity into children's life and learning. Our professionalism and passion have been increasingly recognized by the industry, policy makers and the public nationwide. We are confident in developing the reputation of The Ten Finger Theatre via its debut in China as the highlight program of 2017 summer season.

In addition to the role of presenter, The A.S.K has made enormous progress in terms of international collaboration. Aiming at supporting and encouraging Chinese artists to make good works of young audience in cooperation with international counterparts,

Address: 3F, Block 5, 1898 Gonghexin Road, Shanghai, P.R. China  
Postcode: 200072



小不点 大视界  
THE ART SPACE FOR LIFE

our newly established A.S.K Global Lab has invited the Swiss installation artist and British choreographer to visit Shanghai and lead workshops as artists residency. And this October we co-produced a baby theatre, the very first one of its kind in China, with a Swedish artist. In 2017 we are going to launch more culture exchange projects with the top-notch international theatre companies. We are more than excited at any possibility of co-production or commissioned works with The Ten Finger Theatre, and would love to have the discussion before and during their visit next year. We believe the exchange and cooperation in this field will enormously inspire and benefit the artists and the industry in Iceland and China.

With increasing attention and recognition from the government, the A.S.K is nevertheless entirely self-funded currently. With the box office as the only revenue and the very limited seating capacity (around 140 seats), while we've been investing a lot in promotion and free cultural and skill exchange, it is impossible for us to make any profit at this stage, although we've garnered over 20,000 loyal family followers and can almost sell out all the tickets of over 300 performances all year round, which has made a record in the industry. Therefore we are seeking all the financial assistance to relieve the significant financial pressure and ensure sustainable development by boosting the industry and emerging market.

For the tour of *LIFE-Mudpie* next year, we'll be responsible for the fees, accommodation, per diem, local transportation and costs of venue, promotion and technical support, while the international travel and transportation costs, visa and insurance, etc., are expected to be solved by the company via application of all kinds of funds in Iceland.

We look forward to the exciting and fruitful cooperation.

Best regards,

Forrina Chen

Artistic Director

The A.S.K. / Vertical Productions

Address: 3F, Block E, 593 Pengchen Road, Shanghai, P.R.China  
Postcode: 200072



小不点 大视界  
THE ART SPACE FOR KIDS

## **The A.S.K. (Art Space for Kids)**

Pace-setter of the TYA industry in China, The A.S.K., headquartered in Shanghai, is specialized in the production, promotion and presentation of the top-notch programs from around the world. Its internationalized team with outstanding professionalism and creativity is committed to introducing and producing the excellent productions in cooperation with the most talented artists at home and abroad.

Believing that a high quality creative development programme is crucial to unlocking creativity and supporting artistic excellence in the performing arts sector for children and young people in China, we established The ASK Global Lab, an ongoing programme of exchange, exploration and understanding for artists from China. It will provide a regular programme of projects, events and activities, allowing Chinese artists the opportunity to see themselves and their artistic excellence in global terms and to create the next generation of world class performing arts for our children.

In October 2016, the A.S.K organized a TYA international forum and networking in Shanghai International Arts Festival and Fair which was attended by the leading presenters, producers, performing companies from home and abroad, and regarded as an ideal platform to keep pace with the global development, introduce international top-notch productions, encourage high-quality creations and boost the growth of the industry.

### **What We Do:**

- ✧ To raise the awareness and enthusiasm of the families and arts scenes for top-class TYA
- ✧ To participate in innovative international collaborative projects
- ✧ To facilitate the communication between Chinese artists and the world in efficient way, and enhance their connections
- ✧ To share Chinese stories and philosophy via artistic works and personal connections so as to enable the world understand China in more diverse aspects



小不点 大视界  
THE ART SPACE FOR KIDS

---

**Productions presented by The A.S.K for 2016 season:**

*"We Dance, wee groove" by Stillmotion, UK*

*"Time for Fun" by Handmade Theatre, Russia*

*"Awake LOVE Orchestra" by Awake Projects, Sweden*

*"Goodbye, Mr. Muffin" by Teater Refleksion, Denmark*

*"Saltbush" by Insite Arts, Australia*

*"H2Ommes" by Adone Theatre, France*

*"Grug and the Rainbow" by Windmill Theatre, Australia*

*"Narrow" by Laika Theatre, Belgium*

*"Like Cat and Dog" by Teatre Animal, Spain*

*"OUT" by Unterwasser, Italy*

*"The Queen of Colours" by Compagnie Les Voisins, Germany*

*"Paperbelle" by Frozen Charlotte, UK*

*"Miss Ophelia" by Het Filiaal, Holland*

*"To begin with..." by Samsara Theatre, Canada*

*"One Morning I Left" by Teatro de Occasion, Chile*

*"Waves All that Glows See" by Véronique CôtéLe, Canada*

*"Sticks, Stones, Broken Bones" by Bunk Puppet Theatre, Canada*

*"Babyspace" by Swedish and Chinese artists Produced by The A.S.K.*

*"Sand song" by Insight Arts, Australia*

*"Tetris" by Arch8, Holland*



Málsnr.: R17050031  
Skjalasafn Ráðhúss

03. maí 2017

Bréfalykill: 1252

**Frá:** Hafsteinn Gunnar Hafsteinsson [hafsteinngunnar@redcross.is]

**Sent:** 2. maí 2017 13:29

**Til:** Sigurður Björn Blöndal

**Afrit:** Ilmur Kristjánsdóttir; Zoe Robert; Þórir Hall Stefánsson; Páll Daníelsson

**Efni:** Styrkir til íþróttaiðkunnar hælisleitenda

Til formanns borgarráðs:

- 1) Sótt er um styrk til íþróttaiðkunnar fyrir hælisleitendur í íþróttahúsi Vals til áramóta. Sótt er um tvo daga í viku (einn klukkutíma í senn) en aðeins einn klukkutíma í viku (til vara) ef ef tveir dagar í viku fást ekki samþykktir. Stefnt er að því að hvetja sérstaklega karlmenn sem búa í mikilli einangrun og aðstöðuleysi í Víðinesi og Arnaholti til að spila fótbolta eða þá íþrótt sem þeim hugnast. Kostnaður 14.000kr á mánuði ef tveir tímar í viku en 7500kr. á mánuði ef einn tími í viku fram að áramótum.
- 2) Einnig er sótt um klukkutíma í viku í íþróttasal Klébergsskóla til áramóta (einu sinni í viku) fyrir hælisleitendur sem eru staðsettir í Arnaholti og Víðinesi. Kostnaður 10.000kr. á mánuði fram að áramótum.
- 3) Einnig er sótt um að Reykjavíkurborg kaupi klippikort (50 til 100 skipti) sem hælisleitendur í Arnaholti og Víðinesi geta nýtt sér í sundlaug Klébergsskóla. Þá fá þeir jafnframt aðgang í líkamsræktarsalinn. Kostnaður 40.000kr á þessu ári.

Liður nr. 1 hefur hér forgang og vinsamlegast óskað eftir því að ef ekki er hægt að veita styrk til liða 2 og 3 að láta það ekki koma í veg fyrir eða draga á langinn að styrkja lið nr. 1.

Með fyrirfram þökkum og bestu kveðju,  
Hafsteinn G. Hafsteinsson

Með kveðju | Best regards,

**Hafsteinn Hafsteinsson**

Verkefnastjóri í málefnum hælisleitenda

*Project manager for asylum seekers*

**Rauði krossinn** Hafnarfirði og Garðabæ | **Red Cross**

Hafnarfjörður and Gardabaer Branch

Strandgata 24 | 220 Hafnarfjörður

Sími/Telephone: +354 565 1222





## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Anna Kristinsdóttir

---

### *Umsögn mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar vegna beiðni um styrk til íþróttaiðkunnar fyrir hælisleitendur.*

Í tölvupósti dags. 2.maí 2017 óskar Hafsteinn Hafsteinsson, verkefnastjóri í málefnum hælisleitenda Rauða krossins eftir styrk frá Reykjavíkurborg til íþróttaiðkunnar fyrir hælisleitendur í íþróttahúsi Vals.

Einnig óskar Hafsteinn eftir klukkutíma á viku í íþróttasal Klébergsskóla fyrir hælisleitendur sem eru staðsettir í Arnarholti og Víðinesí og einnig er óskað eftir því að Reykjavíkurborg fjármagni kaup á klippikortum (50 til 100 skipti) fyrir hælisleitendur til að nota í sundlaug Klébergsskóla.

#### **Greinagerð:**

Í janúar 2014 var undirritaður þjónustusamningur milli Reykjavíkurborgar og Innanríkisráðuneytis/Útlendingastofnunar um þjónustu við allt að 50 hælisleitendur. Vorið 2014 var fjölgun í þjónustu um allt að 70 manns. Sumarið 2015 var fjölgað upp í 90 manns og í desember 2016 var síðan undirritaður samningur um að Reykjavíkurborg þjónustaði allt að 200 aðila í leit að alþjóðlegri vernd.

Reykjavíkurborg býður þeim hælisleitendum sem eru í þjónustu hjá borginni margskonar þjónustu sem tilgreind er í þjónustusamningi þ.á.m. framfærslu, húsnæði, heilbrigðisþjónustu og túlkþjónustu. Hælisleitendur í þjónustu Reykjavíkurborgar fá tækifæri til að kynnast íbúum og staðhátum í sveitarfélaginu og afla sér þekkingar á íslensku samfélagi meðan á málsmeðferð stendur. Hælisleitendum er boðið upp á íslenskukennslu/enskukennslu á meðan þeir eru í þjónustu sveitarfélagsins og eru upplýstir um þá afþreyingu sem stendur til boða í nærsamfélaginu auk þess að þeim stendur líka til boða sundkort og bókasafnskort.

Með því að skrifa undir þjónustusamning hefur Reykjavíkurborg tekið að sér skuldbindingar um að þjónusta hælisleitendur sem eru í þjónustu borgarinnar.

Í júní 2014 gekk innanríkisráðuneytið frá samningi við Rauða kross Íslands um aðstoð og þjónustu við hælisleitendur. Í samningnum felst að Rauði krossinn veitir hælisleitendum ráðgjöf, gætir hagsmuna þeirra vegna hælisumsókna og veitir margvíslega aðra þjónustu, svo sem mat á aðbúnaði, heimsóknarþjónustu og félagsstarf, auk annarra virkniúrræða. Samningsupphæðin til eins árs var 36,6 m.kr. Þessi samningur hefur verið framlengdur árlega síðan.

Hælisleitendur staðsettir í Arnarholti og Víðinesi eru í þjónustu hjá Útlendingastofnun og tilheyra ekki þjónustusamningi milli Reykjavíkurborgar og Útlendingastofnunar.

**Niðurstaða:**

Mikilvægt er að þeir sem taka að sér þjónustu við fólk í leit að alþjóðlegri vernd sjái einnig um að tryggja þjónustu við hópin. Á sama hátt og Reykjavíkurborg tryggir slíka þjónustu við þá aðila sem eru í þjónustu borgarinnar er mikilvægt að Útlendingastofnun tryggi þeim aðilum sem þeir þjónusta sambærilega þjónustu. Mælt er með því að Rauða krossinum verði ekki veittur styrkur til íþróttaiðkunnar fyrir hælisleitendur í Arnarholti og Víðinesi og þeim bent á að beina slíku erindi til Útlendingastofnunar.

Með kveðju  
Anna Kristinsdóttir  
Mannréttindastjóri



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Reykjavík, 29. maí 2017  
VEL2017050012  
4.10

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Málsnr.: R17050031  
Skjalasafn Ráðhúss  
31. maí 2017  
Bréfalykill: 1252

***Umsögn velferðarsviðs vegna óska Rauða krossins í Hafnarfirði og Garðabæ um styrk fyrir hælisleitendur (umsækjendur um alþjóðlega vernd) í þjónustu Útlendingastofnunar til íþróttaiðkunar.***

Þann 2. maí 2017 barst erindi til skrifstofu borgarstjóra frá Rauða krossinum í Hafnarfirði og Garðabæ þar sem óskað var eftir styrk frá Reykjavíkurborg til íþróttaiðkunar fyrir hælisleitendur (umsækjendur um alþjóðlega vernd) sem búa í Víðinesí og Arnarholti.

Með bréfi dagsettu þann 5. maí 2017 frá skrifstofu borgarstjóra var var óskað eftir umsögn velferðarsviðs og mannréttindaskrifstofu vegna erindisins.

Hjálagt fylgir umsögn velferðarsviðs frá verkefnisstjóra almennrar ráðgjafar.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri



Reykjavík 26. maí 2017

**Umsögn**  
**vegna óska Rauða krossins í Hafnarfirði og Garðabæ um styrk fyrir hælisleitendur**  
**(umsækjendur um alþjóðlega vernd) í þjónustu Útlendingastofnunar til íþróttaiðkunar.**

Í tölvupósti dagsettum 2. maí 2017 frá Rauða krossinum í Hafnarfirði og Garðabæ er óskað eftir styrk frá Reykjavíkurborg til íþróttaiðkunar fyrir hælisleitendur (umsækjendur um alþjóðlega vernd) sem búa í Víðinesí og Arnarholti. Farið er fram á eftirfarandi:

1. Styrkur til íþróttaiðkunar í íþróttahúsi Vals til áramóta tvo daga í viku, klukkutíma í senn. Til vara er sótt um einn klukkutíma í viku.  
Kostnaður:  
1. klst. í viku (7.500 kr.)  $7.500 \times 4 = 30.000$  kr. pr. mánuð. Til áramóta 210.000 kr.  
2. klst. í viku (15.000 kr.)  $15.000 \times 4 = 56.000$  kr. pr. mánuð. Til áramóta 392.000 kr.
2. Styrkur til íþróttaiðkunar í íþróttasal Klébergsskóla einu sinni í viku, klukkutíma í senn  
Kostnaður: 10.000 kr. pr. mánuð. Frá 1. júní til áramóta – 70.000 kr.
3. Að kaupa klippikort (50-100 skipti) sem hægt er að nýta í sundlaug Klébergsskóla og fá jafnframt aðgang í líkamsræktarsal skólans.  
Kostnaður: 40.000 kr. pr. mánuð. Til áramóta 280.000 kr.

Óskað er eftir því að liður nr. 1 hafi forgang .

Í Víðinesí og Arnarholti dvelja einstaklingar sem sótt hafa um alþjóðlega vernd og fá þjónustu frá Útlendingastofnun. Um er að ræða karlmenn sem dvelja þar í nokkra mánuði og nokkuð ljóst að þeir munu ekki dvelja lengi á Íslandi. Þetta eru aðallega einstaklingar sem koma frá Albaníu, Georgíu og öðrum löndum. Stefnt er að því að loka Víðinesí fyrir 1. júlí nk. og er nú þegar byrjað að flytja einstaklinga þaðan. Aðstaða er til að spila fótbolta við Arnarholt. Umsækjendur geta fengið sundkort vegna sérstakra aðstæðna.

Rauði kross Íslands fær styrk frá Útlendingastofnun til að bjóða upp á félagsstarf fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd og er í boði m.a. íþróttir, safnaferðir og ýmis námskeið ásamt reglulegu félagsstarfi á höfuðborgarsvæðinu.

Reykjavíkurborg er með samning við Útlendingastofnun um að þjónusta allt að 200 einstaklinga um alþjóðlega vernd og stendur þeim til boða að fá sund- og líkamsræktarkort. Til stendur að endurskoða það fyrirkomulag og draga úr því að einstaklingar fái líkamsræktarkort. Ætlunin er að nota þessi kort sem umbun og hvatningu.

Í umsókn Rauða krossins er styrkur til að fara í íþróttahús Vals til að stunda íþróttir settur í forgang þrátt fyrir að íþróttahúsið við Klébergsskóla sé nær dvalarstað umsækjenda. Ástæðan fyrir því að Valur er settur í forgang er að þaðan er stutt að fara á Kaffistofu Samhjalpar í Borgartúni 1 en þar er hægt að fá ókeypis mat.

Það er mat velferðarsviðs að það sé eðlilegt að ríkið hafi milligöngu um að styrkja þá einstaklinga sem eru í hælismeðferð hjá Útlendingastofnun til íþróttaiðkunar og dvelja í Arnarholti. Rauði kross Íslands fær styrk frá ríkinu til að sinna félagsstarfi við hælisleitendur og þar á meðal til íþróttaiðkunar.

Ljóst er að sú biðstaða sem umsækjendur um alþjóðlega vernd eru í á meðan þeir bíða eftir að fá svar við því hvort þeir fái stöðu sem flóttamenn er erfið. Skoða þarf heildrænt hvaða leiðir er hægt að fara til að bjóða upp á fjölbreytta virkni og afþreyingu, ásamt félagsstarfi, námskeiðum o.fl. Kalla þarf til alla þá aðila sem eru að sinna hælisleitendum og finna fleiri og fjölbreyttari leiðir til að stytta stundir hælisleitenda og styrkja þá. Velferðarsvið er tilbúið til að leggja sitt af mörkum þar.

Virðingarfyllst

---

Edda Ólafsdóttir, verkefnastjóri